

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Óla Birni Kárasyni um breytingar á sköttum og gjöldum.

1. *Hvaða skattar og tryggingagjöld ríkissjóðs hafa lækkað frá árinu 2013? Hvaða skattar hafa hækkað? Óskað er eftir sundurgreiningu eftir árum og skattstofnum.*

Í töflu sem fylgir með svarinu koma fram helstu breytingar á skattalögum sem hafa haft í för með sér hækkun eða lækkun á tekjum ríkissjóðs á árunum 2013 til 2023. Taflan miðast við breytingar á skattalögum sem lögfestar voru á 141.–153. löggjafarþingi og sýnir áætluð áhrif þeirra á tekjur ríkissjóðs á tímabilinu 2013 til 2023, sundurgreind eftir einstökum breytingum þar sem fram kemur heiti skatts og áætluð tekjuáhrif á hverju ári fyrir sig. Taflan sýnir áætluð bein fyrstu áhrif á tekjur ríkissjóðs, sundurgreind eftir árum og einstökum sköttum. Almennu eru ekki meðtalin óbein afleiðd áhrif sem eiga sér stað síðar vegna áhrifa skattkerfisbreytinganna á hegðun, hagstærðir og skattstofna. Þær lagabreytingar sem voru gerðar vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, COVID-19, eru merktar sérstaklega. Breytingunum er raðað í tímaröð.

Hér á eftir er farið yfir þau skilyrði sem einstakar skattalagabreytingar þurfa að uppfylla til að vera taldar með í töflunni.

1. Breytingar hafi verið lögfestar á 141.–153. löggjafarþingi.
2. Breytingar hafi marktæk, metanleg og veruleg tekjuáhrif á ríkissjóð.
3. Breytingar sem hafa mjög lítil tekjuáhrif eru almennt ekki meðtaldar og er miðað við 0,005% af VLF.
4. Bein hliðaráhrif innan sama skatts eða á aðra skatta eru meðtalin, sé þeim fyrir að fara.
5. Breytingar á krónutölugjöldum eru aðeins meðtaldar að því marki sem þær eru meiri eða minni en sem nemur verðbólgu á næstliðnu ári og því sé um raunbreytingu gjalds að ræða.
6. Hliðaráhrif af sérstökum úttektum séreignarsparnaðar 2013–2016 eru ekki meðtalin. Sama gildir um séreignarsparnaðarleiðina sem hófst 1. júlí 2014 og bein hliðaráhrif af höfuðstólsleiðréttingunni (sérstakan persónuafslátt til réttihafa án skulda).
7. Breytingar á bankaskatti sem lögfestar voru í árslok 2013 eru meðtaldar.
8. Bein hliðaráhrif af stöðugleikaframlagi samkvæmt lögum um stöðugleikaskatt, nr. 60/2015, til lækkunar á bankaskatti frá 2016 (álagning á fyrirtæki í slitameðferð sem ella hefði orðið), eru meðtalin.
9. Veiðigjöld eru ekki meðtalin þar sem þau hafa ekki verið flokkuð sem skattar í tekjuflokkunarkerfi fjárlaga eða ríkisreiknings undanfarin ár. Einnig skiptir máli hér að endurmat á áhrifum breyttra laga og reglna á tekjur af veiðigjöldum á grundvelli endanlegra upplýsinga um afla liggur ekki fyrir með samræmdum hætti.
10. Tímabundnar ráðstafanir frá fyrri árum sem runnu út á tímabilinu 2013 til 2023 og voru ekki framlengdar eru ekki meðtaldar í megintöflunni þar sem hún miðast einvörðungu við lagabreytingar sem gerðar voru á tímabilinu. Tímabundnar ráðstafanir frá fyrri árum eru hins vegar meðtaldar ef þær voru framlengdar eða gerðar varanlegar með lagabreytingum á tímabilinu sem til skoðunar er. Tekjuáhrif af völdum brottfalls tímabundinna

ákvæða eru þó í tveimur tilvikum sýnd sérstaklega fyrir neðan megintöfluna til upplýsingar (auðlegðarskattur og orkuskiptur á rafmagn).

Ástæða er til að leggja áherslu á að hafa þarf fyrirvara um margvíslega óvissu um forsendur fyrir því mati á einstökum ráðstöfunum í tekjumálum sem sett er fram með tölulegum hætti í töflunni. Nánar er vikið að því svari við 2. lið. Einnig er ástæða til að vekja sérstaklega athygli á því að tölurnar í töflunni eru á verðlagi hvers árs og spanna nokkuð langt tímabil, eða áratug, þar sem verðlagsbreytingar hafa verið allnokkrar og þá ekki síst síðustu árin. Það veldur nokkurri þjögun í samanburði á þróuninni milli ára og þar með þegar veltutölur einstakra liða eru lagðar saman yfir tímabilið þannig að það gefur ekki í öllum tilfellum fyllilega skýra mynd af raunvirðinu. Til að gefa betri nálgun á raunstærðir eru heildarsamtölur neðst í töflunni færðar á fast verðlag ársins 2023 miðað við vísitölu neysluverðs.

Eins og fram kemur í þessum niðurstöðulínum töflunnar voru samanlögð áhrif skattahækkana og skattalækkana á föstu verðlagi orðin um 95 mia.kr. til lækkunar árlega þegar komið var fram á árið 2023. Er þá eftirstandandi áhrif af tekjuráðstöfunum vegna kórónuveirufaraldursins meðtalin en þær eru að mestu leyti tímabundnar og að þeim frátöldum nemur skattalækkunin um 90 mia.kr. árið 2023. Yfir allt tíu ára tímabilið nemur uppsöfnuð nettó skattalækkun 372 mia.kr. í heildina en 315 mia.kr. þegar aðgerðir vegna veirufaraldursins eru frátaldar. Í niðurlagi töflunnar kemur einnig fram að umræddar skattahækkningar voru 28 talsins á tímabilinu en skattalækkningar voru mun fleiri eða 75 talsins.

*2. Að öðru óbreyttu, hverjar hefðu skatttekjur ríkisins orðið frá 2013 til 2023 ef skattar og tryggingagjöld hefðu verið óbreytt miðað við árið 2012? Óskað er eftir sundurgreiningu eftir árum, jafnt á verðlagi hvers árs sem og á föstu verðlagi.*

Fyrst skal tekið fram að skattar hafa áhrif á hagrænar ákvarðanir heimila og fyrirtækja og þar með á hinar ýmsu hagstærðir, þar með talið skattstofnana sjálfa. Stærð skattstofna á tímabilinu 2013–2023 endurspeglar efnahagslegar aðstæður á þeim tíma og þar með einnig það skattkerfi sem við lýði var á tímabilinu. Hefði skattkerfið (skatthlutföll, afmörkun skattstofna, skattastyrkir, skattframkvæmd o.s.frv.) verið öðruvísi en það var í reynd, svo sem eins og það var árið 2012, hefði efnahagsþróunin orðið að einhverju leyti önnur, til dæmis í framleiðslustarfsemi, á vinnumarkaði, fjármálamarkaði o.s.frv., og þar með skattstofnarnir sjálfir. Skilyrðið „að öðru óbreyttu“, sem tilgreint er í spurningunni, er því ómögulegt tilvik í raunveruleikanum. Sé eigi að síður reynt að meta hverjar tekjur ríkissjóðs hefðu orðið við slíkar ímyndaðar aðstæður fyrir það tímabil sem spurt er um þá jafngildir það því að beita skattkerfi ársins 2012 á raunverulega skattstofna tímabilsins. Til þess þyrfti að reikna álagningu skatta með öðru skattkerfi en var í gildi við hina raunverulegu álagningu, en það er ekki gert hér.

Hér er farin sú leið að beita aðferðum hliðstæðum við þær sem venjan er að nota við áhrifamat í lagafrumvörpum og áætlanagerð í ríkisfjármálum til að meta skammtímaáhrif skattkerfisbreytinga, þ.e. á upphafsári og allra næstu árum. Er þá byggt á tiltækum upplýsingum um tekjustofna og forsendur skattálagningar og oftast notuð tiltölulega einföld kyrrstæð nálgun við útreikninga en þó leitast við að taka að einhverju marki tillit til óbeinna áhrifa sem skattstofnar verða fyrir með tímanum vegna viðbragða aðila við skattkerfisbreytingum. Óvissa um umfang og tímasetningu slíkra viðbragða er oft veruleg í upphafi enda ræður þar samspil margra þátta.

Í töflunni má sjá lista yfir helstu skattkerfisbreytingar frá árinu 2013 og áætluð áhrif þeirra á tekjur ríkisins á upphafsári og fram til ársins 2023. Í tilviki varanlegra kerfisbreytinga eru áhrifin reiknuð á grundvelli skattstofnsins eins og hann er metinn á hverjum tíma ef hægt er, sbr. forsenduna „að öðru óbreyttu“ í 2. lið. Að öðrum kosti eru upphafsáhrif framreiknuð í

takt við viðkomandi skattstofn eða annað viðeigandi viðmið í hverju tilviki. Í mörgum tilvikum miðast framreikningur við nafnvirði VLF, einkum eftir að nokkur ár eru liðin frá kerfisbreytingu, og er sú aðferð hlutlaus en ónákvæm. Upphafsrifin geta þó reynst ofmat þegar frá líður vegna framangreindra viðbragða við skattahækkun eða -lækkun. Með þessum fyrirvörum eru fjárhæðir töflunnar því nálgun við áhrif kerfisbreytinganna á skatttekjur ríkisins „að öðru óbreyttu“.

Áhrifamatið tekur til beinna áhrifa af hverri kerfisbreytingu og beinna hliðaráhrifa innan sama skatts eða á aðra skatta, ef þeim er fyrir að fara. Hliðaráhrif yfir á aðra skatta eru í töflunni talin með þeim skatti sem lagabreytingin er gerð á, dæmi: hliðaráhrif af breytingum á vörugjöldum yfir á VSK; hliðaráhrif af breytingum á tryggingagjaldi yfir á tekjuskatt lög- aðila.

Ítrekað skal að þótt kyrrstæð greining eins og hér er beitt reynist vel við að meta áhrif hagstjórnaraðgerða í skattkerfinu til skamms tíma gildir hið sama almennt ekki til lengri tíma. Eftir því sem lengra líður frá kerfisbreytingu koma afleidd áhrif hennar yfir á aðrar hagstærðir fram í meira mæli og framreiknuð upphafsrif án tillits til þeirra verða æ ómarktækari nálgun við raunveruleg heildaráhrif.

Fjárhæðir töflunnar eru á verðlagi hvers árs. Neðst í töflunni eru sýnd árleg samanlögð áhrif bæði á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi ársins 2023 til að gefa betri nálgun við raunvirði þar sem um er að ræða nokkuð langt tímabil og uppsöfnuð verðlagsbreyting því orðin allnokkur.

### 3. *Hvaða áhrif hafa skattkerfisbreytingar frá 2013 haft á ráðstöfunartekjur heimilanna?*

Ljóst er að skattkerfisbreytingar tímabilsins hafa lækkað skatta á bæði heimili og fyrirtæki og aukið ráðstöfunartekjur heimila. Til að meta umfang þeirrar aukningar í heild þyrfti þó að afla frekari upplýsinga en fram koma í töflunni. Fyrir því eru einkum tvær ástæður. Annars vegar er það mismunandi eftir tegundum skatta hve stór hluti er förmlega lagður á heimilageirann. Hins vegar er ekki alltaf ljóst hver verður fyrir endanlegum áhrifum af skattabreytingum. Tekjuskattar og fleiri beinir skattar eru lagðir beint á einstaklinga og lög- aðila og í þeim tilvikum er skýrt hver verður fyrir hinum fyrstu beinu áhrifum þegar skattur er hækkaður eða lækkaður eða skattaívilnun beitt. Samkvæmt töflunni eru tekjuáhrif kerfisbreytinga á öllu tímabilinu til lækkunar orðin um 95 mia.kr. á árinu 2023. Þar af eru 66 ma.kr. í tekjuskatti einstaklinga sem er alfarið lagður á einstaklinga en um 5 mia.kr. af því fólu í sér samsvarandi hækkun á útsvari sveitarfélaga vegna aukinnar fjármögnunar ríkisins á málefnum fatlaðra.

Í tilviki virðisaukaskatts og annarra óbeinna skatta og skatta á fyrirtæki er því hins vegar oftast ekki þannig farið að breytingar komi eingöngu fram hjá heimilunum, a.m.k. í fyrstu. Til lengri tíma lítið má þó ætla að lækkun slíkra skatta við skilyrði virkrar samkeppni geti skilað sér í meiri eða minni mæli til heimilanna, t.d. í mynd lægra vöruverðs eða meira svigrúms til að greiða hærri laun. Skattkerfisbreytingar geta einnig haft áhrif á efnahagsstærðir eins og verðbólgu, laun og fleira sem einnig hafa áhrif á ráðstöfunartekjur og kaupmátt heimila. Slíkt heildarsamhengi skiptir ekki sist máli þegar langt tímabil er til skoðunar eins og hér. Viðamikil rannsókn á flóknu samspili slíkra þátta rúmast ekki innan þess ramma sem lög um þingsköp Alþingis setja við fyrirspurnum.

**Tafla 1 Helstu breytingar á sköttum og tryggingagjöldum 2013–2023**

Tekjuáhrif á rekstrargrunni og á verðlagi hvers árs nema annað sé tekið fram (millj.kr.)

Þing Mál	Lög/rg.	Skattur	Covid	Breyting	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Samt.
141	468	146/2012	VSK (gistiþjónusta)	lækkun	535	1.840	2.310	3.190	3.960	4.340	4.400	1.580	2.340	5.380	6.810	36.686
141	468	146/2012	VSK (endurg. v/íbúðarhúsn.)	lækkun	-1.500											-1.499
141	468	146/2012	Tóbaks gjald	lækkun	900	900	890	830	750	730	720	780	750	700	690	8.641
141	468	146/2012	Tryggingagjald	lækkun	-950	-1.010	-1.120	-1.260	-1.390	-1.520	-1.580	-1.520	-1.730	-2.040	-2.280	-16.399
141	468	146/2012	Fjársýsluskattur	lækkun	540	630	810	660	740	740	770	800	750	770	810	8.021
141	468	146/2012	Vörugjald á ökutækni (bílaleigur)	lækkun	130	190	340	200	290	190	120	.	.	.	.	1.461
141	468	146/2012	Kolefnisgjald	lækkun	3.840	3.250	4.070	4.300	4.720	4.400	4.300	4.330	4.390	5.880	6.130	49.611
141	468	146/2012	Orkuskiptur á rafmagn	lækkun	2.030	2.060	2.080	.	.	.	.	.	.	.	.	6.171
141	468	146/2012	Orkuskiptur á heitt vatn	lækkun	310	330	340	360	350	400	410	420	450	460	560	4.391
141	468	146/2012	Fjármagnstekjuskattur	lækkun	-600	-600	-600	-600	-600	-600	-600	-600	-600	-600	-600	-6.599
141	473	156/2012	Almenn vörugjöld	lækkun	400	500	500	500	500	500	500	500	500	500	500	5.401
142	1	79/2013	VSK (gistiþjónusta)	lækkun	-535	-1.840	-2.310	-3.190	-3.960	-4.340	-4.400	-1.580	-2.340	-5.380	-6.810	-36.684
143	2	139/2013	Tekjuskattur einst.	lækkun		-5.000	-5.000	-5.000	-9.100	-9.700	-10.600	-11.100	-11.900	-13.400	-14.400	-95.199
143	2	139/2013	Fjármagnstekjuskattur	lækkun			-200	-220	-230	-250	-260	-250	-280	-330	-360	-2.379
143	2	139/2013	Tekjusk. einstaklinga (4 p. lækkun)	lækkun		-450										-449
143	2	139/2013	Tekjusk. einst. (töggjald, flytting)	lækkun		-700										-699
143	2	139/2013	Fjársýsluskattur	lækkun		-600	-780	-640	-720	-710	-740	-770	-720	-740	-780	-7.199
143	2	139/2013	VSK (bleiur)	lækkun		-200	-220	-240	-250	-270	-290	-280	-310	-360	-400	-2.819
143	2	139/2013	VSK (hópfereðabílar)	lækkun		-350										-349
143	2	139/2013	VSK (endurg. v/íbúðarhúsn.)	lækkun		-2.795										-2.794
143	2	139/2013	VSK (vistvænr bílar)	lækkun		-105										-104
143	2	139/2013	Tryggingagjald, 1. - 3. áfangi	lækkun		-1.010	-2.130	-4.080	-4.300	-4.680	-4.860	-4.620	-5.380	-6.360	-7.070	-44.489
143	2	139/2013	Bankaskattur	lækkun	34.100	32.800	7.800	7.800	7.800	8.400	9.400	9.600	11.000	12.200	14.300	147.401
143	3	140/2013	Útvarpsgjald, 1. - 2. áfangi	lækkun		-400	-400	-830	-870	-940	-1.000	-1.020	-1.050	-1.140	-1.310	-8.559
143	4	138/2013	Stimpilgjald, afsl. v/fyrstu kaup	lækkun		-180	-200	-250	-590	-720	-670	-890	-1.000	-660	-530	-5.689
143	265	146/2013	Tekjusk. einstakl. (kerfisfr.)	lækkun												1
143	205	141/2013	Vörugjald á ökutækni (bílaleigur)	lækkun		-115	-210	-130	-220	-120	-70					-864
143	315	46/2014	Krónutölugjöld og nefiskattar	lækkun		-280	-450	-480	-500	-540	-580	-560	-620	-720	-800	-5.529

**Tafla 1 Helstu breytingar á sköttum og tryggingagjöldum 2013-2023**

Tekjádhrif á rekstrargrunni og á verðlagi hvers árs nema annað sé tekið fram (millj.kr.)

Þing	Mál	Lög/rg.	Skattur	Covid	Breyting	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Samt.
144	2	124/2014	Almenn vörugjöld	lækkun	-7.670			-7.670	-7.800	-8.100	-8.720	-9.270	-8.950	-9.950	-11.550	-12.850	-84.859
144	2	124/2014	VSK (skattþrepum breytt)	hækkun	4.800			4.800	5.220	5.490	5.910	6.280	6.060	6.740	7.820	8.700	57.021
144	2	124/2014	VSK (stofn breikkaður)	hækkun				9.900	9.900	11.000	10.800	10.400	2.900	5.100	11.900	13.300	75.301
144		rg	VSK (endungr. til ferðamaanna)	hækkun	300			300	300	300	300	300	300	300	300	300	2.701
144	3	125/2014	Tekjusk. einstaklinga (4 p. lækkun)	lækkun	-460			-460									-459
144	3	125/2014	Krónutölugjöld og nefskattar	lækkun	-410			-410	-440	-460	-500	-530	-510	-570	-660	-730	-4.809
144	3	125/2014	Vörugjald á ökutæki (bilaleigur)	hækkun	210			210	130	220	120	70					751
144	3	125/2014	VSK (vistvænir bílar)	lækkun	-230			-230									-229
145	2	125/2015	Tekjusk. einstaklinga, 1. áfangi	lækkun		-5.000			-5.000	-5.520	-5.920	-6.470	-6.770	-7.270	-8.140	-8.800	-53.889
145	2	125/2015	Tekjusk. einstaklinga, 2. áfangi	lækkun		-3.800			-3.800	-3.800	-4.080	-4.450	-4.660	-5.010	-5.610	-6.060	-33.669
145	2	125/2015	Tekjusk. einstaklinga, samsköttun	lækkun							-840	-1.000	-1.000	-1.070	-1.200	-1.300	-6.409
145	2	125/2015	Tollar, 1. áfangi	lækkun		-1.960			-1.960	-2.030	-2.190	-2.330	-2.250	-2.500	-2.900	-3.230	-19.389
145	2	125/2015	Tollar, 2. áfangi	lækkun		-3.000			-3.000	-3.000	-3.220	-3.430	-3.310	-3.680	-4.270	-4.750	-25.659
145	2	125/2015	VSK (áfengi)	lækkun		-300			-300	-320	-340	-360	-350	-390	-450	-500	-3.009
145	2	125/2015	Vörugi, á ökutæki (bilaleigur), 2 áfangar	hækkun	300	300			300	430	2.040	1.220					3.991
145	2	125/2015	Fjármagnstekjuskattur	lækkun					-500								-4.509
145	2	125/2015	Tekjusk. einstaklinga (4 p. lækkun)	lækkun					-460								-499
145	2	125/2015	VSK (vistvænir bílar)	lækkun													-59.849
145	667	54/2016	Tryggingagjald	lækkun		-3.160			-3.160	-6.730	-7.100	-7.370	-7.040	-8.140	-9.610	-10.700	
146	2	126/2016	Krónutölugjöld og nefskattar	hækkun		1.730			1.730	1.770	1.840	1.840	1.870	2.020	2.340	2.610	14.181
146	2	126/2016	VSK (vistvænir bílar)	lækkun		-1.720			-1.720								-1.719
146	2	126/2016	Gistmattaskattur	hækkun		300			300	300	970	880	980	1.060	1.120	1.170	6.481
148	3	96/2017	Fjármagnstekjuskattur	hækkun					1.400	1.400	1.400	1.400	1.400	1.400	1.630	1.810	9.041
148	3	96/2017	VSK (vistvænir bílar)	lækkun					-2.270	-2.250	-2.250	-2.250	-750				-5.269
148	3	96/2017	Vörugjald á ökutæki (bilaleigur)	lækkun					-1.080	-650							-1.729
148	3	96/2017	Kolefnisgjald	hækkun					2.190	2.060	1.980	1.980	1.980	1.920	1.910	1.950	12.011
148	562	59/2018	VSK (ferðþjónusta)	lækkun					-80	-150	-40	-40	-40	-70	-170	-190	-699
149	2	137/2018	Tryggingagjald, 1. og 2. áfangi	lækkun									-3.950	-8.140	-9.610	-10.700	-39.709
149	2	137/2018	Tekjuskattur einstaklinga	lækkun					-1.700	-1.800	-1.800	-2.000	-2.000	-2.300	-2.600	-2.600	-10.399
149	2	137/2018	Krónutölugjöld og nefskattar	lækkun					-820	-800	-820	-910	-1.000	-910	-1.000	-1.000	-4.349
149	3	138/2018	Kolefnisgjald	hækkun					530	1.110	1.080	1.080	1.110	1.080	1.080	1.100	4.901
149	335	133/2018	Tekjusk. einstakl. (uppbætur á lífeyri)	lækkun					-300	-330	-370	-370	-430	-430	-470	-470	-1.899

**Tafla 1 Helstu breytingar á sköttum og tryggingagjöldum 2013–2023**

Tekjáhúrfjá rekstraráætti og á verðlagi hvers árs nema annað sé tekið fram (millj.kr.)

Þing	Mál	Lög/rg.	Skattur	Covid	Breyting	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Samt.
150	2	135/2019	Vörugjald (f-gös)	lækkun									70	40	40	40	191
150	2	135/2019	Krónutölugjöld og nefskattar	lækkun									330	340	380	410	1.461
150	3	132/2019	Tekjuskattur einstaklinga, 1. áfangi	lækkun									-7.300	-7.500	-8.220	-9.150	-32.169
150	3	132/2019	Tekjuskattur einstaklinga, 2. áfangi	lækkun										-13.700	-14.500	-15.300	-43.499
150	4	131/2019	Bankaskattur	lækkun										-1.900	-4.200	-7.400	-13.499
150	432	154/2019	VSK (vístvænar samgöngur)	lækkun									-4.800	-7.400	-5.000	-1.800	-18.999
150	683	25/2020	Bankaskattur (fyrirg)	Covid	lækkun									-5.700	-4.200	-2.500	-12.399
150	683	25/2020	Tollagreiðslugjald	Covid	lækkun								-200	-400			-599
150	683	25/2020	Gisráttaskattur	Covid	lækkun								-300	-420			-719
150	683	25/2020	VSK (endurgreiðslur)	Covid	lækkun								-4.340	-2.520	-370	-100	-7.329
150	726	37/2020	Tekjuskattur lögaðila	Covid	lækkun								-1.000	.	250	250	-499
150	726	37/2020	VSK (endurgreiðslur)	Covid	lækkun								-180	-1.040	-450		-1.669
150	734	89/2020	Flutningsjöfnunargjald	lækkun										-390	-460	-510	-1.359
151	5	133/2020	Erfðafjárskattur	lækkun										-500	-580	-650	-1.729
151	5	133/2020	Krónutölugjöld og nefskattar	lækkun										-750	-830	-910	-2.489
151	5	133/2020	VSK (vinnu, tengiltvinnbilar)	lækkun										-700			-699
151	314	140/2020	Tryggingagjald	Covid	lækkun									-4.100			-4.099
151	314	140/2020	Vörugjald á ókutæki (bílaílegur)	lækkun										-880	-1.620		-2.499
151	342	32/2021	Tekjusk. einstaklinga (3. geiri)	lækkun											-100	-670	-769
151	342	32/2021	Tekjusk. lögaðila (3. geiri)	lækkun											-100	-800	-899
151	342	32/2021	Fjármagnstekjuskattur (3. geiri)	lækkun											-100	-400	-499
151	342	32/2021	Erfðafjárskattur (3. geiri)	lækkun											-100	-100	-199
151	342	32/2021	VSK (3. geiri)	lækkun											-200	-200	-399
151	342	32/2021	Stimplgjald (3. geiri)	lækkun											-100	-100	-199
151	372	141/2020	VSK (endurgreiðslur)	lækkun											-100	-100	-199
151	374	142/2020	Fjármagnstekjuskattur	Covid	lækkun								300	-5.540	-3.100	-300	-8.639
151	399	33/2021	Tekjuskattur lögaðila (fyrirg)	Covid	lækkun									-1.800	-1.800	-1.800	-5.399
					lækkun										-3.800	-600	-4.399

<b>Tafla 1 Helstu breytingar á sköttum og tryggingagjöldum 2013–2023</b>																
<i>Tekjuáhrif á rekstrargrunni og á verðlagi hvers árs nema annað sé tekið fram (milj. kr.)</i>																
Þing Mál	Lög/rg.	Skattur	Covid	Breyting	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Samt.
152	3	131/2021	Krónutölugjöld og nefskattar	lækkun										-1.970	-2.160	-4.129
152	3	131/2021	Tekjuskattur einstaklinga	lækkun										-2.100	-2.210	-4.309
152	3	131/2021	Gættáttaskattur	lækkun										-1.310	-1.440	-2.749
152	3	131/2021	VSK	lækkun										-6.500	-500	-6.999
152	3	131/2021	Bifreiðagjald	hækkun										500	500	1.001
152	679	27/2022	VSK (vínun, rafm.bílar)	lækkun										-4.100	-1.600	-5.699
152	679	27/2022	VSK (vínun, bílaleigur)	lækkun										-100	-100	-199
153	2	129/2022	Krónutölugjöld og nefskattar	lækkun											-1.500	-1.499
153	2	129/2022	Vörugjald á ökutæki	hækkun											2.700	2.701
153	2	129/2022	Bifreiðagjald	hækkun											2.200	2.201
153	2	129/2022	Afengis- og tobaks gjald í friðöfn	hækkun											690	691
153	2	129/2022	Tekjusk. einstakl. (útsvar hækkar á móti)	lækkun											-5.300	-5.299
153	579	128/2022	VSK (vínun, rafmagnsbílar)	lækkun											-8.900	-8.899
153	rg	rg	VSK ("tax-free")	hækkun											100	101
153	952	51/2023	VSK (endurgreiðslur)	hækkun											2.700	2.701
153	941	65/2023	Varafugv allargjald	hækkun											1.410	1.411
			Alls		5.100	28.565	27.060	-2.850	-16.310	-16.060	-25.720	-52.550	-91.640	-101.010	-95.270	-340.685
			Alls án hækkunar bankaskatts 2014		5.100	-5.535	-5.740	-10.650	-24.110	-24.460	-35.120	-62.150	-95.040	-104.810	-99.670	-462.185
			Alls án tímab. Covid ráðstafana		5.100	28.565	27.060	-2.850	-16.310	-16.060	-25.720	-46.830	-71.920	-81.530	-90.080	-290.575
<i>Á þessu verðlagi ársins 2023 (m.v. vísitölu neysliverðs og spá um 8,7% verðbólgu 2023)</i>																
			Alls		7.322	40.193	37.462	-3.879	-21.815	-20.923	-32.522	-64.613	-107.886	-109.798	-95.270	-371.729
			Alls án hækkunar bankaskatts 2014		7.322	-7.788	-7.946	-14.497	-32.248	-31.867	-44.408	-76.417	-111.888	-113.928	-99.670	-533.335
			Alls án tímab. Covid ráðstafana		7.322	40.193	37.462	-3.879	-21.815	-20.923	-32.522	-57.580	-84.670	-88.623	-90.080	-315.115
			Fjöldi skattalækkana á tímabilinu	28												
			Fjöldi skattalækkana á tímabilinu	75												
<i>Fjöðrarupplýsingar:</i>																
<b>Eldri tímabundnar aðgerðir sem runnu út á tímabilinu</b>																
			Auðlegðarskattur (tekjuáhrif á fyrsta ári efnisbrottfall)		2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	
			Orkuskattur á rafmagn (tekjuáhrif á fyrsta ári efnisbrottfall)				-10.700									
							-2.230									

Skýringar á viðmiðum við val á einstökum breytingum og forsendum útreikninga má sjá í meginþexta svarsins við fyrirspurninni (153. lg.gjþ., 1130. mál).  
 Heimild: Skattaskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytisins.